

REGLUGERÐ

um 1. breytingu á reglugerð nr. 903/2005 um skipulag og starfsemi Landbúnaðarstofnunar.

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. bætist 5. tl. sem orðast svo:
5. Áhættumats- og gæðasvið.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. breytist og orðast svo:
Forstjóri Landbúnaðarstofnunar ræður sviðsstjóra yfir öðrum sviðum stofnunarinnar, sem kallast forstöðumenn, en sviðsstjóri áhættumats- og gæðasviðs er jafnframt gæðastjóri. Sviðsstjórar stofnunarinnar skulu starfa við aðalskrifstofu hennar.

3. gr.

Við 4. gr. bætist 3. mgr. sem orðast svo:
Í Gullbringu- og Kjósarumdæmi skal starfrækja landamærastöðvar með fullnægjandi húsnæði, tækjum, búnaði og annarri aðstöðu fyrir starfsmenn Landbúnaðarstofnunar, til að sinna heilbrigðiseftirliti í samræmi við ákvæði EES-samningsins og íslenskar reglur þar um. Heimilt er að starfrækja landamærastöðvar í öðrum umdæmum ef ástæða er til.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 80/2005 um Landbúnaðarstofnun og öðlast gildi 1. júlí 2007.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. maí 2007.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.